

Sandafell. Sýni úr borholum SF-1, SF-4 og SF-5

Elsa G. Vilmundardóttir

Greinargerð EGV-80/04

Sandafell. Sýni úr borholum SF-1, SF-4 og SF-5.

Þrjú kjarnasýni voru tekin til athugunar og gerðar af þeim þunnsneiðar. Sýnin eru merkt þannig.

STAÐUR	HOLA nr.	DÝPI m	ÞUNNSNEIÐ nr.
Sandafell	SF-1	179	9738 og 39
"	SF-4	117,3	9740 og 41
"	SF-5	179,7	9742 og 43

Sýni SF-1 d. 179 m.

Kjarninn er ljósgrængrár að lit og sést að hann er úr samlímdu kornum, sem sum virðast aðeins núin, en samstæð að uppruna (homogen). Fíngerðar þéttar blöðrur og glufur eru um allan kjarnann, yfirleitt tómar, en þó ber kjarninn með sér að þar er talsverð ummyndun. Í þunnsneiðunum sést fínkornóttur glerkenndur grunnmassi með smáum plagióklaskristöllum. Einstaka korn af basalti eða andesíti og líparíti sjást.

Stórt (0,5 cm) korn í annarri þunnsneiðinni virðist vera andesít. Talsvert ber á straumlaga „orientingu“ plagióklasanna bæði í hornum og grunnmassa. Efnið virðist vera homogent og skammt að flutt og trúlega andesít úr „freato-^{Spærzi}magmatísku“ gosi þ.e. móberg. Helstu ummyndunarsteindir eru zeolítar, kvars, leirsteindir, kalsít og pýrít.

SF-4 d. 117,3 m

Kjarninn er grængrár með ljósari flekkjum, sem oft eru ca 0,3 - 0,5 cm í þvermál. Í grunnmassanum sjást dökk glerkennd korn. Kjarninn er þéttur, en þó sjást litlar blöðrur ef að er gáð.

Í þunnsneiðunum sést, að grunnmassinn er fínkornóttur og glerkenndur og talsverð ummyndun. Sömuleiðis eru stærri korn glerkennd. Helstu ummyndunarsteindir eru zeolítar, kvars, leirsteindir og kalsít. Efnið lítur út fyrir að vera homogent og líkist sýninu úr SF-1 þótt það sé enn glerkenndara og gæti - eins og það - verið andesít áttar og „freatomagmatískt“

SF-5 d. 179.7 m.

Kjarninn er ljósgrár. Grunnmassinn er ljóst túff, sem í sjást steinar af ljósum, frauðkenndum vikri, algeng stærð um 0,5 cm, en talsvert þó um stærri korn. Líka má sjá brot af súrri breksíu, → 5 cm flykki. Í grunnmassanum er

dreif af dökku gleri og einstaka basalt korn. Töluvert ber á ummyndun. Helstu ummyndunarsteindir eru zeolítar, kvars og leirsteindir. Uppruni virðist tengdur súru „subaerílu“ gosi, en efnið eitthvað endurunnið (reworked) eins og breksíu flykkin bera með sér.

Niðurstaða

Sýnin úr SF-1 og SF-4 eru greind sem móberg. Gosefnin trúlega andesítísk. Geta verið úr sama lagi.

Sýnið úr SF-5. Ljóst túff. Orðið til í öðrum atburði en hin sýnin, en getur vel verið að rekja til sömu eldstöðvar.